

## GJALDSKRÁ

### vegna hunda- og kattahalds á Austur-Héraði.

#### 1. gr.

Hunda- og kattaeigendur sem búsettir eru innan þéttbýlisstaðanna Egilsstaða, Hallormsstaðar og Eiða skulu greiða leyfisgjald skv. lið b, gr. 2.1 í samþykkt um hundahald á Austur-Héraði nr. 318/2000 og sbr. lið b, 2. gr. samþykktar um kattahald á Austur-Héraði nr. 328/2000, sbr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum.

#### 2. gr.

Af hundum skal innheimta hundaleyfisgjald skv. 1. gr. að upphæð kr. 8.000 á hvern hund á ári.

Af skráðum köttum skal innheimta kattaleyfisgjald að upphæð kr. 4.500 á hvern kött á ári.

Heimilt er að lækka hunda- og kattaleyfisgjald sem nemur ársiðgjaldi ábyrgðartryggingar dýrsins.

Fyrir endurnýjað skráningarkerki hunds eða kattar skal greiða kr. 500.

#### 3. gr.

Eigendur hunda og katta eru ábyrgir fyrir öllum kostnaði sem hlýst af brotum gegn samþykkt um hundahald og samþykkt um kattahald á Austur-Héraði, þ.m.t. óheimilli lausagöngu, handsömun, vörslu og skilum dýranna eða aflífun.

Við afhendingu handsamaðs hunds eða kattar skal leyfishafi greiða kr. 4.000 og að auki kr. 1.000 fyrir hvern byrjaðan sólarhring sem dýr hefur verið í vörslu.

Ef til aflífunar hunds eða kattar kemur, skal eigandi dýrs að auki greiða útlagðan aflíf-unarkostnað.

#### 4. gr.

Ofangreind gjaldskrá var samþykkt af bæjarstjórn Austur-Héraðs þann 16. desember 2002 til að öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hunda- og kattahald á Austur-Héraði nr. 64/2001.

*Egilsstöðum, 16. apríl 2003.*

**Þórhallur Pálsson,**

forstöðumaður umhverfissviðs Austur-Héraðs.